**Sþ.** **854. Breytingartillaga**

við till. til þál. um endurskoðun á löggjöf um sölu lyfja.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni, Skúla Guðmundssyni, Ingólfi Jónssyni og Sigfúsi Sigurhjartarsyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Þar eð fyrir ríkisstjórninni liggja einróma tillögur stjórnskipaðrar milliþinganefndar um nýskipan lyfsölumála í landinu, svo og ágreiningsatkvæði Apótekarafélags Íslands og Lyffræðingafélags Íslands við þær tillögur, ályktar Alþingi að skora á ríkisstjórnina að taka afstöðu til málsins og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til nýrrar lyfsölulöggjafar.